

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 5. apríl 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-44/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 10. júní 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst riftunar eða skaðabóta í formi greiðslu á viðgerðarkostnaði.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 13 júní 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi sendi andsvör til kæruneftndarinnar sem dagsett eru þann 6. september 2018. Andsvör seljanda voru send til álitsbeiðanda þann 30. janúar 2019 og honum boðið að gera athugasemdir við andsvörin, en álitsbeiðandi nýtti sér ekki þá heimild. Með bréfi, dags. 7. mars 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 27. apríl 2018 af seljanda, í gegnum bifreiðauppboð hjá fyrirtækinu Z, fyrir 360.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Volvo XC70, árgerð 2003, og hafði samkvæmt kaupsamningi verið ekin vegalengdina 173.439 á kaupdegi, en ekki kemur fram í kaupsamningi eða uppboðsgögnum hvort um akstur í kílómetrum eða mílum sé að ræða.

Álitsbeiðandi telur að upplýsingjöf seljanda hafi verið verulega ábótavant þar sem þrír leyndir gallar hafi fundist þegar bifreiðinni var ekið „lengri vegalengdir“ eftir kaupin. Að sögn álitsbeiðanda kom í ljós að vegalengdarmælir bifreiðarinnar virkaði ekki sem skyldi og telur mælirinn vegalengd aksturs „aðeins endrum og sinnum“. Álitsbeiðandi segist hafa ekið bifreiðinni vegalengd sem tæmdi heilan bensíntank en vegalengdarmælir bifreiðarinnar hafi aðeins sýnt brot af þeirri vegalengd sem ekin var.

Álitsbeiðandi segist einnig hafa orðið var við olíuleka í bifreiðinni sem ekki hafi sést við skoðun þar sem mótör bifreiðarinnar hafi verið hreinn auk þess sem bifreiðinni hafi verið lagt á malarplani hjá Z. Að sögn álitsbeiðanda var seljanda kunnugt um olíulekann en gleymst hafi að tilkynna Z, um hann. Síðar kom einnig í ljós að sögn álitsbeiðanda að fjórhjóladrif bifreiðarinnar virkar ekki heldur aðeins framhjóladrifið, þar sem afturdrifið sé óvirkt.

Álitsbeiðandi telur útilokað að seljandi hafi ekki vitað af þessum annmörkum og hafi átt að upplýsa um þá við söluna. Álitsbeiðandi hefur lýst yfir riftun kaupanna við seljanda. Seljandi hefur að sögn álitsbeiðanda fallist á að greiða fyrir viðgerð á vegalengdarmæli bifreiðarinnar en hafnað að verða við öðrum kröfum álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi kveðst ekki sætta sig við það þar sem bifreiðinni hafi verið ekið lengri vegalengd en gefið hafi verið upp við söluna.

Álitsbeiðandi bendir á að hann hefði ekki boðið 360.000 krónur í bifreiðina í þessu ástandi en seljandi hafi hafnað öllum sáttaumleitunum. Samkvæmt upplýsingum sem álitsbeiðandi hefur aflað hjá umboði Volvo þarf að skipta um mælaborð sem kostar um

180.000 krónur, skipta um stýrismaskínu sem kostar 270.000 krónur svo og gera við afturdrif bifreiðarinnar sem kosti 200.000 til 300.000 krónur.

Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift eða að seljanda verði gert að greiða skaðabætur vegna viðgerðarkostnaðar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum segir seljandi að hún hafi ekki vitað til þess að vegalengdarmælir bifreiðarinnar hafi verið í ólagi við söluna. Þá tekur seljandi fram að vegalengdarmælirinn mæli eknar vegalengdir í mílum en ekki kílómetrum. Seljandi kveðst hafa boðið álitsbeiðanda að láta laga vegalengdarmælirinn en álitsbeiðandi hafi hafnað því.

Að sögn seljanda upplýsti hún álitsbeiðanda um það við söluna að rautt ljós væri í mælaborði bifreiðarinnar sem gæfi til kynna að eitthvað amaði að vél og bremsum bifreiðarinnar. Seljandi segir að það eina sem hafi gleymst að tilkynna álitsbeiðanda væri að leki sé í stýrisvél, en álitsbeiðanda var að sögn seljanda boðið að láta skoða það en því tilboði hafi verið hafnað. Seljandi segir að hún hafi vitað að bifreiðin væri ekki í lagi við söluna og að álitsbeiðanda hafi verið það ljóst vegna ljósa í mælaborði. Þá segir seljandi að gangverð á svipuðum bifreiðum á þessum tíma hefði verið um 800.000 krónur í góðu standi en álitsbeiðandi hafi keypt bifreiðina á 360.000 krónur vegna ástands hennar. Seljandi hafnar því að bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, þar sem umboðsmaður seljanda hefur atvinnu sína af sölu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 27. apríl 2018 af seljanda fyrir 360.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2003 og var því um 15 ára og hafði samkvæmt kaupsamningi verið ekin 173.439 km. eða mílur á kaupdegi.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 27. apríl 2018, segir m.a. eftirfarandi: „Bifreiðin sem er tjónuð, selst í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti.“ Kærunefndin álítur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Þá segir í 2. mgr. 17. gr. nkpl. að ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði þar sem neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur gildi ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi

upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin; c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í auglýsingu fyrir uppboð á bifreiðinni segir tæmandi í lýsingu seljanda: „Vélaljós, ABS og bremsuljós loga í mælaborði.“ Álitsbeiðandi kveðst ekki gera athugasemdir við að ljós loguðu í mælaborði þar sem honum hafi verið kunnugt um það fyrir kaupin og að ljósin tengist ekki meintum göllum. Þá sé eina tjon bifreiðarinnar nokkrar beyglur. Bifreiðin sé hins vegar í mun verra ástandi en ætla mátti við fyrstu sýn. Að sögn álitsbeiðanda er bifreiðin haldin nokkrum göllum, þar á meðal sé afturdrifið óvirkt. Í því sambandi verður að líta til þess að ýmis viðvörunarljós loguðu í mælaborði bifreiðarinnar þegar álitsbeiðandi festi kaup á henni, líkt og áður segir. Þá var um 15 ára gamla bifreið að ræða á kaupdegi sem hafði hið minnsta verið ekin 173.439 km. eða mílur. Þegar bifreiðar eru þetta gamlar og fyrir liggur að viðvörunarljós loga í mælaborði gefur það kaupendum tilefni til að framfylgja skoðunarskyldu sinni með sérstaklega vönduðum hætti fyrir kaupin þar sem slíkt gefur sterklega til kynna að bifreiðin sé nú þegar biluð eða kunni bráðum að bila. Ekki er unnt að ætlast til þess að bifreiðar sem hafa náð 15 ára aldri, verið keyrðar slíkar vegalengdir og eru keyptar á aðeins 360.000 krónur muni ekki þarfnast viðhalds eða viðgerða sem jafnframt geta orðið kostnaðarsamar. Í auglýsingu Z, á bifreiðinni er sérstaklega tekið fram að það sé áriðandi að kaupendur skoði uppboðsmuni áður en boð eru gerð. Þar segir að unnt sé að skoða uppboðsmuni alla virka daga í húsnæði Z, á milli klukkan 8.30 og 17.00. Álitsbeiðandi hafði því möguleika á að skoða bifreiðina með vel áður en hann gerði tilboð í hana. Einnig er í auglýsingu Z, bent á að áriðandi sé að kaupendur skoði ferilskrá bifreiðar áður en kaup eru gerð vegna þeirra upplýsinga sem þar er að finna, sem áhrif geta haft á kaupverðið. Þar sem bifreiðin var beygluð og fram kom í kaupsamningi að hún væri tjonuð hafði álitsbeiðandi enn ríkari ástæðu til að sinna rannsóknarskyldu sinni með vönduðum hætti. Þegar litið er til alls framangreinds getur nefndin ekki heldur fallist á það að ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur ekki sýnt fram á það í málinu að bifreiðin hafi ekki svarað til upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana fyrir sölu og þær upplýsingar hafi orðið til þess að kaupin áttu sér stað, samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. Í auglýsingu á uppboðsvef Z, kom fram að bifreiðin væri ekin 173.439 km./mílur en að sögn álitsbeiðanda var vegalengdarmælir bifreiðarinnar bilaður. Bifreiðin hljóti því að hafa verið meira ekin en gefið var upp. Engin gögn hafa verið lögð fram til stuðnings þeirri fullyrðingu seljanda að vegalengdarmælirinn sé bilaður, en seljandi hefur bent á að akstur bifreiðarinnar sé mældur í mílum en ekki í kílómetrum. Sú fullyrðing er ekki sönnuð og engar upplýsingar er um það að finna í sölugögnum. Ekki er unnt að fullyrða að vegalengdarmælir bifreiðarinnar sé bilaður út frá þeim upplýsingum sem álitsbeiðandi hefur veitt í málinu, óháð því hvort vegalengdarmælirinn mæli akstur í kílómetrum eða mílum. Er því ekki unnt að fallast á að bifreiðin sé haldin galla á þeim grundvelli.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, í þeim mæli að bifreiðin teljist gölluð samkvæmt b-lið 16. gr. nkpl. Ekki hafa verið færð fullnægjandi rök fyrir því að seljanda hafi verið kunnugt um bilun í vegalengdarmæli eða fjórhjóladrifi við kaupin. Þá var sérstaklega greint frá viðvörunarljósum í mælaborði bifreiðarinnar í auglýsingu uppboðsins. Fyrir liggur hins vegar að seljandi vissi um leka í stýrisvél og hefur boðið álitsskiðanda að sú bilun verði metin en að sögn seljanda hefur álitsskiðandi hafnað því. Þegar litið er til alls framangreinds er ekki unnt að líta svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli að seljandi hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína. Einnig er til þess að líta að ákvæði c-liðar 16. gr. nkpl. gerir þá kröfu, til þess að galli teljist vera til staðar, að rangar upplýsingar um söluhlut hafi orðið til þess að kaup áttu sér stað, á röngum forsendum. Miðað við öll atvik málsins og kaupverð bifreiðarinnar getur nefndin ekki fallist á að álitsskiðandi hafi sýnt fram á að rangar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar hafi haft afgerandi áhrif á að kaupin áttu sér stað. Verður því að hafna kröfum álitsskiðanda.

VI Álitsskið

Kröfum álitsskiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson